

Eystrahorn

25. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 30. júní 2022

www.eystrahorn.is

Þrístökk á Fagurhólsmýri

Næstkomandi þriðjudag, 5. júlí kl. 13:00, fer fyrsti hluti Þrístökks fram í Sláturhúsinu á Fagurhólsmýri. Myndlistar-nemarnir Birgitta Karen Sveinsdóttir og Rein Rodemeier sem bæði nema listmálun við myndlistardeild Listaháskólans AKI í Hollandi sýna verk sín sem þau hafa unnið undanfarna mánuði hér í Öræfum, þar sem þau hafa tekið þátt í bústörfum á Hnappavöllum. Þemað í verkum þeirra nú tengist hringrás lífsins sem blasir við á vorin í fjárbúskap og efniviðinn sækja þau að hluta til í náttúruna í kring. Rein er frá Hollandi en Birgitta er fædd á Akureyri. Hún hefur hins vegar verið með annan fótinn á Hnappavöllum undanfarin ár, þar sem fjölskylda hennar býr. Steinunn Björg Ólafsdóttir er uppalin í Öræfum en

búsett í Keflavík. Steina er útskrifaður meistari í sköpun miðlun og frumkvöðlastarfi og finnur sér verkefni í sviðsuppfærslum, kórastarfi og tónleikum ásamt ýmsum hljóð- og myndvinnsluverkum. Þótt áherslan hafi lengst af verið á klassískan söng hefur hún einnig æft Complete Vocal tækni sem gerir hana jafnvíga á popp, rokk og jazz. Fyrir skömmu tók Steina þátt í flutningi á myndlistargörningi eftir Evu Bjarnadóttur í Gömlubúðinni á Fagurhólsmýri en nú einblínir hún á trúbadorinn sem hún hefur verið að velta vöngum yfir og skoða. Sýningin verður opinn þennan eina dag, frá kl. 13:00 til 21:00. Við skálum kl. 13:00 en kl. 14:00 verður Steina með tónleika.

Við hlökkum til að sjá ykkur - aðgangur ókeypis.



Málverk eftir Birgittu Karen Sveinsdóttur



Steinunn Björg Ólafsdóttir

Þú finnur hina fullkomnu gjöf hjá okkur. Þægileg skartgripaskrín í ferðalagiið. Til í mörgum stærðum og mörgum útfærslum



S: 478-2535 / 898-3664
Opíð virka daga kl.13-18

Eystrahorn er komið í sumarfrí næsta tölublað kemur út 11. ágúst

Messur í júlí**HOFSKIRKJA**

Sunnudaginn 3. júlí
Messa í og við Hofskirkju kl.
20:00

Sumarmessa þar sem við verðum
bæði inni og úti.

Allir velkomnir.

KÁLFAFELLSSTAÐARKIRKJA

Föstudaginn 29. júlí (*Athugið, sjá
dagsetningu*)

Ólafsmessa kl. 20:00

Hin árlega Ólafsmessa 29. júlí.
Helgistund og tónleikar.

Fylgist með þegar nær dregur
á heimasíðu og Facebook síðu
prestakallsins.



Bifreiðaskoðun á Höfn 11., 12. og 13. júlí.

Tímabantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. júlí.
Næsta skoðun 15., 16. og 17. ágúst.

Frumherji

þegar vel er skoðað

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á
eystrahorn@eystrahorn.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:.....HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður:.....Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur:.....Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126



**HLADVARP
EYSTRAHORN**

Hlustaðu á þættina á
www.eystrahorn.is/
hladvarp



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir yfir matráð í eldhús

Helstu verkefni:

Að elda mat við hæfi barna í samræmi við leiðbeiningar
landæknis í samráði við yfirmatráð. Annast frágang, þrifa
eldhús, þvo þvott og ganga frá honum. Hugmyndavinna í
vinnslu matseðla í samráði við yfirmatráð og leikskólastjóra.

Hæfniskröfur:

- Reynsla sem matráður eða af öðru sambærilegu starfi.
- Stundvísi, frumkvæði, skipulagshæfni og drifkraftur í starfi.
- Sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.

Laun greidd samkvæmt samningum launaneftndar
Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf þann 9. ágúst
næstkomandi.

Umsóknarfrestur er til 5. júlí næstkomandi

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Maríönnu Jónsdóttur
leikskólastjóra á netfangið: mariannaj@hornafjordur.is



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

FATAMARKAÐUR



Verðum í morgunverðarsalnum Höfn-inn
laugardaginn 9. júlí frá kl. 13:00-18:00.

**ÚTSALA , ÚTSALA
MIKILL AFSLÁTTUR.**

Nýjar sumarvörur frá
Dk og undirfatnaður frá
Þýskalandi.
Hlakka til að sjá ykkur.

Rósin tískuverslun
414-9393 og 848-4829



Að lokinni Humarhátíð

Knattspyrnudeild Sindra sendir öllum þeim sem komu að Humarhátíð 2022 með einum eða öðrum hætti sérstakar þakkir fyrir sitt framlag til hátíðarinnar.

Án ykkar er engin hátíð og á það við um sjálfbóðaliða, skemmtikrafta, þá sem lögðu til heimili sín og garða fyrir humarsúpuveislur, viðburðarhaldara og síðast en ekki síst alla þá sem komu að hátíðinni með styrkjum, vinnuframlagi og þátttöku í viðburðum.

Lagt var upp með að bjóða upp á hornfirska skemmtun og nýta þá krafta sem við höfum í bæjarfélaginu og erum við sérstaklega þakklát fyrir hversu margir voru tilbúnir til að taka þátt og fyrir fjölbreytta dagskrá þar sem allir fundu vonandi eitthvað við sitt hæfi.

Undirbúningur fyrir næstu hátíð hefst þegar í stað þegar



Hornfirskir tónlistarmenn tróðu upp á föstudagskvöldinu í íþróttahúsinu

farið verður yfir það sem gekk vel og það sem betur má fara og eru allar ábendingar vel þegnar auk þess sem við hvetjum alla Hornfirðinga til að huga að því hvort þeir geti lagt eitthvað að mörkum fyrir næstu hátíð, til að gera góða hátíð enn betri!



Lúðrasveit Hornafjarðar tók rúntinn og spilaði fyrir humarsúpum gesti

Klifurnámskeið fyrir börn

Klifurfélag Örnefa mun bjóða upp á skemmtilegt sumarnámskeið fyrir krakka á aldrinum 6-12 ára dagana 11.-13. júlí frá kl.10:00 - 14:00.

Námskeiðið mun fara fram á Hnappavöllum, stærstu klifurparadís Íslands og munu krakkarnir læra undirstöðuatriði í klifuríþróttinni. Ungmennafélag Örnefa er styrktaraðili námskeiðisins.

Leiðbeinendur verða meðal annars Svanhvít Helga Jóhannsdóttir og Marianna Óskarsdóttir. Veittur verður 25% afsláttur fyrir þau börn sem tóku klifurnámskeið í Káraskjöli í vetur. Þáttökugjald er 15.500 kr. og eru 12 pláss í boði á námskeiðið. Þeir sem hafa áhuga á að skrá börn sín eða fá nánari upplýsingar geta haft samband við Klifurfélag Örnefa í tölvupósti á klifurfelagoraefa@gmail.com eða í síma 770-0494. Foreldrum er velkomið að mæta með börnunum.



Mynd: Jón Ágúst

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 30. júní-3. júlí

Lamba grillleggir maríneraðir

1.398 kr/kg
1.889 kr/kg

26%



NORÐLENSKA

20%

Nauta ribeye, svartur hvítlaukur og íslenskt wasabi-smjör

6.319 kr/kg
7.899 kr/kg



30%

Lamba-ribeye, kryddlegið

3.427 kr/kg
4.896 kr/kg



31%

Bökunarkartöflur

179 kr/kg
259 kr/kg



25%

Gul smelóna

449 kr/kg
599 kr/kg



40%

Toscana brauð 550 g

317 kr/stk
529 kr/stk



51%

Amerískir kleinuhringir

98 kr/stk
199 kr/stk



KJÖTSEL

30%

Hamborgarar 4x130 g, með brauðum

1.189 kr/pk
1.699 kr/pk



Heilsuvara vikunnar

40%

Beauty Sleep Vitayummy, 60 stk.

1.799 kr/pk
2.999 kr/pk



Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu



nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.